

**Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 21. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað en sterkt áfengi verði aflögð.

Frumvarp þetta er í anda skoðunar Viðskiptaráðs frá 1. nóvember síðastliðnum (sjá meðfylgjandi skjal), en gengur hins vegar mun skemur. Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt hið opinbera til að láta af starfsemi sem einkaaðilar geta sinnt jafnvel eða betur og er sala áfengis þar engin undantekning. Þannig telur Viðskiptaráð algert afnám á einkasölu tímabæra sem og einkavæðingu ÁTVR. Ráðið dregur í efa að aukið aðgengi, sem myndi hljóttast af slíku afnámi, muni leiða til viðvarandi aukningar í áfengisneyslu landsmanna. Ljóst er að einkasala ein og sér dregur ekki úr neyslu heldur er það fyrirkomulag hennar sem spilar þar lykilhlutverk. Starfsemi ÁTVR hefur verið bætt til muna undanfarin ár, með bættu aðgengi, lengri opnunartímum og fjölgun útsölastaða. Telur Viðskiptaráð því líklegt að umtöluð aukning í neyslu áfengis vegna bætts aðgengis, umfram það sem nú er, sé nú þegar komin fram.

Ráðið tekur enn frekar undir þau tilmæli greinargerðar frumvarpsins að áfengisgjaldið verði endurskoðað með talsverðan lækkun að leiðarljósi. Hátt áfengisgjald hefur haft lítil áhrif á sölu og virðast því einu beinu afleiðingar þess felast í hærra vöruverði sem bitnar á neytendum og þá ekki síst erlendum ferðamönnum. Í riti Lýðheilsustöðvar (Áfengi – engin venjuleg neysluvara) er því slegið föstu að heildaráhrif álagningar og verðhækkunar sé einungis tímabundinn samdráttur í áfengisneyslu. Gefur það til kynna að áhrif verðlækkunar verði einungis tímabundin aukning í neyslu en ekki viðvarandi eins og haldið hefur verið fram. Mikilvægt er að áfengisgjaldið verði lækkað samhliða eða fyrir einkavæðingu ÁTVR.

Að öðru leyti vísar undirritaður í ofangreinda skoðun ráðsins máli sínu til stuðnings.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur jafnframt til að gengið verði lengra.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs